


JÚ, ÞAÐ er það svo sannarlega, þetta er mikið stress, maður þarf að senda út boðskort, láta prenta sýningarskrá og muna eftir þessu og hinu. Og svo eru það fjölmiðlarnir! Þannig svarar Ágúst Petersen spurningu blaðamanns um hvort ekki sé mikið fyrirtæki að setja upp málverkasýningu, en hann sýnir nú í Norræna húsinu. Við göngum um salina og virðum fyrir okkur málverkin og annarri spurningu er varpað fram: „Eru þetta allt nýlegar myndir?“

„Þær eru flestar málaðar á síðastliðnum tveim árum,“ segir Ágúst, „þetta eru allt olíumálverk en þegar ég sýndi síðast á Kjarvalssöðum fyrir rúmum tveim árum var ég líka með vatnslita-



Ágúst Petersen hjá tveim mynda sinna í kjallara Norræna hússins, en hann sýnir þar alls 62 olíumálverk. (Ljós. Mbl. Emillia.)

Opnar 18. einkasýningu sína

myndir. Og taktu eftir römmunum, ég vel þá á allar myndirnar sjálfur, sumir eru einfaldir málaðir trérammar sem fara mjög vel við margar af mínum myndum. Aðrir eru gull- og silfurlitaðir, ef mér finnst það henta þeim myndum sem í þeim eru. Nú, stundum vill fólk skipta um ramma, eftir sínum smekk, kaupir þá gjarnan dýrari ramma utan um myndirnar, en ég bið það að henda ekki trérrömmunum, ég get alltaf notað þá aftur.“

Málar þú í einhverjum sérstökum stíl eða stefnu?

„Nei, ég hef alltaf málað á minn hátt, ég sagði einhverjum tíma í blaðaviðtali að ég hefði verið mjög sjálfstæður nemandi er ég var í Handíða- og Myndlistaskólanum

Ágúst Petersen í Norræna húsinu

hér fyrir allmörgum árum. Það var nú oft verið að grínast með þetta í skólanum, Þorvaldur Skúlason, sem var aðalkennari minn, kom að mynd sem ég var með og hann var spurður hvort eitthvað vantaði í hana, „nei, nei,“ sagði hann en ég hljóp til og sagði, „það vantar græna skellu hérna í vinstra hornið,“ og setti hana þar, og Þorvaldur lagði blessun sína yfir alltsaman. Annars get ég sagt þér að ég mála vegna þess að mér finnst það svo skemmtilegt og stundum hreinlega verð ég að koma einhverju frá mér, og þegar því er lokið nýt ég myndarinnar,

og tek hana jafnvel oft fram aftur og aftur til að hafa gaman af henni. Þannig vona ég að myndirnar höfði til fleiri en mín. Ég reyni að skapa sem áhrifaríkust verk, hlaðin sterkri upplifun og innlifun og held mínu striki, hvað sem öllum ismum líður, eða hvernig orðaði ég það í sýningarskránni, jú hér er það,“ og Ágúst blaðar í skránni. „Hjá mér verður engin stökkbreyting í stíl, því síður bylt- ing.“

Mér er ódrúsi farið en málaramum sem hrósaði happi yfir því að vera laus við kýrassa og kúpladi svo sæll yfir í abstrakt. Ég held mínu striki og þykist ekki maður að minni þó ég haldi áfram til eilífðarnóns að mála sem allra besta kýrassa, húsin, hafið, landið, mannfólkið.“

Dómur í Hæstarétti í „hörpuskelfiskmálinu“

Í HÆSTARÉTTI í síðustu viku féll dómur í máli ákærvaldsins gegn Soffanías Cecilssyni, útgerðarmanni í Grundarfirði, og Birni Kristjáni Ásgeirssyni, skipstjóra, vegna heids á hörpuskelfiski og vinnslu hans. Fyrri lið ákæru, sem var gegn Soffanías og Birni vegna fimm veiðiferða Grundfirðings 2 haustið 1979, var vísað frá og Soffanías var sýknaður af síðari lið, sem var vegna vinnslu skelfisksins.

Aðdragandi málsins er sá, að haustið 1979 fór Grundfirðingur II í fimm ferðir til skelfiskveiða á Breiðafirði, án þess að tilskilin leyfi hefðu verið fyrir hendi. Afliinn var unninn í fiskverkunarstöð Soffaníasar í Grundarfirði, án þess að tilskilin leyfi hefðu verið fyrir hendi og þrátt fyrir synjun sjávarútvegsráðuneytisins á umsókn til skelvinnslu í Grundarfirði. Dómur féll í héraði og voru báðir sakfelldir. Soffanías og Björn Kristján fyrir fyrri lið og Soffanías vegna síðari liðar.

Soffanías og Björn Kristján áfrýjuðu til Hæstaréttar og féll dómur í síðustu viku, eins og áður sagði. Hæstiréttur ómerkti dóminn í héraði hvað fyrri lið snertir á þeim forsendum, að ákæru hefði verið ábótavant. Þá var Soffanías sýknaður af sök í síðari lið á þeim forsendum, að vinnsluleyfishugtak það, sem lagt var til grundvallar í ákæru,

væri ekki til staðar í lögum um samræmingu í vinnslu og veiðum.

Sjávarútvegsráðuneytið hefur notað þetta hugtak, en það hefur ekki við neinar skýringar að styðjast í lögnum sjálfum. Hæstiréttur klotnaði í afstöðu sinni um fyrri hluta ákærunnar, það er að segja veiðibrotið. Tveir dómarmar töldu, að þrátt fyrir annmarka á ákæru bæri að sakfella skipstjórnann.

Ríkissjóði var gert að greiða kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærðu í héraði, 4 þúsund krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, 4 þúsund krónur.

Lögmaður þeirra Soffaníasar og Björns í Hæstarétti var Hafsteinn Baldvinsson, hrl.

M

ÞU AUGLÝSIR UM ALLT LAND ÞEGAR
ÞU AUGLÝSIR Í MORGUNBLAÐINU

AUGLÝSINGA-
SÍMINN ER:
22480

Vetrarfundur Sambands íslenzkra rafveitna

VETRARFUNDUR Sambands íslenzkra rafveitna verður haldinn í Félagsheimilinu Stapa, Ytri Njarðvík, og Hótel Sögu, Reykjavík, dagana 2. og 3. nóvember nk.

Dagskrá fundarins er þannig í aðalatriðum. 2. nóv. verður fundað í Félagsheimilinu Stapa. Fundurinn verður settur kl. 9.45 og hefst með ávarpi Aðalsteins Guðjónsen formanns SÍR. Síðan flytur Hjörleifur Guttormsson iðnaðar-ráðherra ávarp. Að loknu kaffihléi flytja Eiríkur Briem, Glúmur Björnsson og Óttar Kjartansson erindi um tölvuvæðingu orkuveitna en síðan verða umræður fram að hádegisverði. Að loknum hádegisverði verður farin kynnisferð að orkuverinu við Svartsengi í boði Hitaveitu Suðurnesja.

Hinn 3. nóvember hefst fundurinn kl. 9 árdegis að Hótel Sögu með ræðu Jónasar Haralz um ástand og horfur í fjármálum orkuveitna. Að henni lokinni verða pallborðsumræður undir stjórn Jónasar og eru þátttakendur frá Alþýðusambandi Íslands, Forsætisráðuneytinu, Iðnaðar-ráðuneytinu, Samb. ísl. hitaveitna, Samb. ísl. rafveitna og Þjóðhagsstofnun.

Að loknum hádegisverði flytur Gunnar Ásmundsson rafmagns-verkfræðingur erindi um notkun rafskautakatta í loðnubræðslu. Að loknum umræðum og síðdegiskaffi verða málefni rafveitna á dagskrá og þá fjallað m.a. um olíugryfjur og notagildi þeirra. Fundinum verður slitið kl.16.

Sýningu Ásgerðar Búadóttur lýkur í kvöld

SÝNING á verkum Ásgerðar Búadóttur hefur nú staðið í Listasafni Alþýðu að Grensásvegi 16 frá 10. október sl. Í samtali við Þorstein Jónsson, forstöðumann safnsins

kom m.a. fram að sýningin hefur verið mjög vel sótt, og sagði Þorsteinn að fólk virtist nú vera búið að gera sér grein fyrir hvar safnið væri, en það hefur verið opið í eitt og hálft ár eins og kunnugt er.

Aðspurður um fjölda sýningargesta sagði Þorsteinn að erfitt væri að áætla það, gestabók hefði að þessu sinni ekki verið notuð, en gera mætti ráð fyrir að sýningargestir væru komnir á 3 þúsund, eða þar um bil. Hópar úr hinum ýmsu skólum hafa komið á sýninguna utan venjulegs sýningartíma, enda hefur litskyggusýning með tali verið keyrð alla dagana, en þar er m.a. rakinn ferill Ásgerðar, fyrstu myndverk hennar sýnd og þróun myndvefnadar. Fimm verk voru til sölu og sagði Þorsteinn þau hafa selst upp á fyrstu 2 til 3 dögum. Hluti verkanna fer síðan á farandsýningu sem nefnist „Scandinavian today“ en sú sýning verður á ferðalagi næstu ár. Sýningunni lýkur kl. 22 í kvöld.

Mánudagsjazz í Stúdentakjallaranum

MÁNUDAGINN 2. nóvember mun Jazztrío Reynis Sigurðssonar leika í Stúdentakjallaranum v/Hringbraut.

Sl. vetur lék Jazzkvartett Reynis Sigurðssonar á mánudagskvöldum á sama stað og gafst það vel. Því hefur verið ákveðið að endurvefja mánudagsjazzinn. Jazztrío Reynis Sigurðssonar skipa: Reynir Sigurðsson á víbrafón, Tómas R. Einarsson á kontrabassa og Sigurður Reynisson á trommur.

(Fréttatilkynning.)

Jólasveininn

er kominn í gluggann til að minna á að...

Nú er rétti tíminn til að láta Rammagerðina ganga frá jólasendingunum til vina og ættingja erlendis

Allar sendingar tryggðar

RAMMAGERÐIN
HAFNARSTRÆTI 19